

að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandi, Jón landshöfðingjaritari Jónsson, greiði hinum stefnda, yfirkennara H. K. Friðrikssyni, 15 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. nóvembermán.

Nr. 13/1881

Páll Eyólfsson

gegn

Sigurði Jónssyni

D ó m u r :

Í máli þessu lögsækir Páll Eyólfsson gestgjafi Sigurð fangavörð Jónsson fyrir að Sigurður hafi 18 maí þ. á. veitt sér áverka í höfuðið inni í gestgjafahúsi sínu, en jafnframt lögsækir Sigurður Jónsson Pál Eyólfsson fyrir að Páll hafi við nefnt tækifæri kallað sig »svín«, og með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurétti Reykjavíkur kaupstaðar 10. júlí næst á eftir, hafa málspartarnir hvor um sig verið dæmdir í 10 kr. sekt til landssjóðs, eða 2 daga einfalt fangelsi, en málskostnaður verið feldur niður. Dómi þessum hafa báðir málspartar áfrýjað til yfirdómsins, Páll Eyólfsson sem aðaláfrýjandi og Sigurður Jónsson sem gagnáfrýjandi, og hafa hvor um sig krafist að verða dæmdir sýknir af kærum mótpartsins, en að mótparturinn aftur verði dæmdur í sektir og málskostnað.

Það er löglega sannað með framburði margra vitna, og enda játað af gagnáfrýjanda, að hann 18. maí þ. á.

hafi komið inn í veitingahús aðaláfrýjandans, veitt honum átölur fyrir, að hann léti hesta standa í túni sínu (gagnáfrýjandans), og lostið hann 2 eða 3 kinnhesta; en hins vegar er engin sönnun fram komin af hálfu aðaláfrýjandans gegn neitun gagnáfrýjandans fyrir því, að áfrýjandinn hafi hlotið neinn áverka af höggum þessum. Þar sem nú aðaláfrýjandinn hefir kært gagnáfrýjandann fyrir að hafa veitt sér áverka, en ekki hefir sannað, að neinn áverki hafi hlotist af kinnhestum þeim, sem gagnáfrýjandinn laust hann, hefir gagnáfrýjandinn haldið því fram, að hann eigi að dæmast sýkn af öllum kærum aðaláfrýjandans í þessu máli, en sú skoðun áfrýjandans virðist ekki á rökum byggð, því afleiðingin af því, að aðaláfrýjandinn ekki hefir sannað, að hann hafi fengið áverka af áminstum kinnhestum, verður aðeins sú, að gagnáfrýjandinn ekki verður dæmdur fyrir að hafa veitt aðaláfrýjandanum áverka, en ekki sú, að hann verði algjörlega sýkn af kærum aðaláfrýjandans, því þar sem aðaláfrýjandinn hefir kært gagnáfrýjandann fyrir að hafa veitt sér áverka, þá innibindur sú kæra einnig kæru fyrir kinnhesta þá, sem áttu að hafa valdið áverkanum. Þar sem það nú er sannað, að gagnáfrýjandinn hefir vaðið upp á aðaláfrýjandann með líkamlegu ofbeldi, og það án þess að nein- ar sakir virðist hafa til þess verið, getur hann ekki komist hjá að sæta hegningu fyrir þetta atferli sitt samkvæmt 202. gr. hegningarlaganna. Hinsvegar er það sannað, og játað af aðaláfrýjandanum, að hann við áminst tækifæri hafi kallað gagnáfrýjandann »svín«, en eins og aðaláfrýjandinn hefir fullyrt, að hann ekki hafi haft það orð um gagnáfrýjandann fyr en eftir að gagnáfrýjandinn hafði barið hann, þannig fer framburður vitna þeirra, sem hann hefir leitt í málinu, í sömu stefnu. Aðaláfrýjandanum

verður þannig ekki gefin þung sök á, þó honum í bræði sinni yfir óskunda þeim, sem hann varð fyrir, yrði að nefna gagnáfrýjandann þessu óvirðulega nafni, heldur virðist nægja að dæma þetta óviðurkvæmilega orð ómerkt, og taka tillit til móðgunar þeirrar, sem gagnáfrýjandanum með því var sýnd, þá er hegningartilverknaður hans er metinn, sbr. 208. og 221. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt því, sem að framan er greint, ber að dæma orðið »svín«, sem aðaláfrýjandinn viðhafði við gagnáfrýjandann, ómerkt, en að dæma aðaláfrýjandann að öðru leyti sýknan af kærum gagnáfrýjandans í þessu máli; aftur á móti ber að dæma gagnáfrýjandann fyrir ofbeldi það, er hann hafði í frammi við aðaláfrýjandann, í hegningu, er eftir öllum málavöxtum og með sérstöku tilliti til þess, að aðaláfrýjandinn eftirá móðgaði hann í orðum, virðist hæfilega metin 20 kr. sekt til landssjóðs eða 6 daga einfalt fangelsi, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma; svo ber gagnáfrýjandanum og að endurgjalda aðaláfrýjandanum málskostnað fyrir báðum réttum með 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandanum, Sigurði fangaverði Jónssyni, ber að greiða 20 kr. sekt í landssjóð, eða sæta 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma. Hið óviðurkvæmilega orð, sem að framan er tilgreint, og aðaláfrýjandinn, Páll gestgjafi Eyólfsson, við hafði um gagnáfrýjandann, á ómerkt að vera, en að öðru leyti á aðaláfrýjandinn að vera sýkn af kærum gagnáfrýjandans í þessu máli. Svo ber og gagnáfrýjandanum að endurgjalda aðaláfrýjandanum málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með 15 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.